

LÖG

17

1. febr.

um samþykktir um lokunartíma sölubúða.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum geta bæjarstjórnir og hreppsnefndir gert samþykktir um lokunartíma sölubúða.

2. gr.

Í samþykktum þessum má kveða á um það, að kaup og sala megí eigi fara fram í sölubúðum kaupmanna tiltekinn tíma á sólarhring hverjum eða tiltekna daga, eftir því sem til hagar á hverjum stað, svo og að kaupmenn skuli skyldir að loka sölubúðum sínum á tilteknum tíma.

Setja má og í samþykkt samskonar ákvæði um kaup og sölu utan sölubúða, er fram fer á götum eða torgum á varningi, sem eigi má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

Í samþykkt má enn fremur ákveða, að veita megí sérverzlunum undanþágu að því er snertir lokunartíma sölubúða, gegn hæfilegu árgjaldi, sem stjórnarráðið ákveður, samkvæmt uppástungu bæjarstjórnar, fyrir eitt ár í senn, og renna skal í bæjarsjóð.

Enn er bæjarstjórnnum heimilt að gera samþykktir um lokunartíma sölubúða og sölustaða, þar sem innlendar vörur eða innlendur varningur er hafður á boðstólum, t. d. konfektbúða, og um lokunartíma vinnustofa, sem hafa viðskipti við almenning, svo sem rakarastofur, þótt enginn varningur sé þar seldur.

Þá er og bæjarstjórnnum heimilt að gera samþykktir um takmörkun á vinnutíma sendisveina, er starfa hjá hverskonar verzlunar- eða iðnaðarfyritækjum eða skrifstofum. Til að tryggja vinnutíma sendisveina má í samþykkt meðal annars ákveða, að útsendingu á vörum, bréfaburði og innheimtu, er sendisveinar starfa að, skuli lokið eigi síðar en á lokunartíma. Heimilt er að ákveða vinnutíma sendisveina misjafnlega stuttan, eftir aldri þeirra.

3. gr.

Nú hefir bæjarstjórn eða hreppsnefnd gert samþykkt samkvæmt 1. gr., og skal hún þá senda frumvarpið stjórnarráðinu til staðfestingar.

Nú virðist stjórnarráðinu ákvæði í samþykkt ganga of nærri rétti manna

- 17 eða atvinnufrelsi, eða brjóta í bág við almennar grundvallarreglur laga, og
 1. febr. synjar það þá samþykkt staðfestingar, en tilkynna skal það bæjarstjórn eða hreppsnefnd ástæður fyrir synjun sinni. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina og ákveður, hvenær hún skuli koma til framkvæmdar.

Samþykkt heldur gildi sínu 10 ár í senn, nema breytt sé eða afnumin áður en endurnýja má hana, á sama hátt og hún var sett, jafnlangan tíma.

Samþykktir samkvæmt lögum þessum skal birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

Í samþykktum þeim, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, má ákveða sektir, 20—500 krónur, fyrir brot. Sektir allar renna í hlutaðeigandi bæjarsjóð.

Með mál út af brotum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 79 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum, viðaukar við þau lög, nr. 9 frá 1918 og nr. 60 frá 1933, og lög nr. 94 frá 1935, svo og öll önnur ákvæði, sem kunna að brjóta í bág við lög þessi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 1. febrúar 1936

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

18

1. febr.

L Ö G

um fávitahæli.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórnin sér um, jafnóðum og fé er veitt til þess í fjárlögum, að stofnuð séu:

- a. Skólaheimili, eitt eða fleiri, fyrir unga vanvita og hálfvita eða börn og unglinga, sem kenna má ofurlítið til munns eða handa.